

EMBÆTTI RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA

KYNNINGARRIT



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

EMBÆTTI
RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA
KYNNINGARRIT

Útgefandi: Ríkislögreglustjórinn
www.rls.is og www.logreglan.is
Ritstjóri: Guðmundur Guðjónsson, yfirlögregluþjónn
Ljósmyndir: foto.is sf./Júlíus Sigurjónsson (nema annað sé tekið fram)
Hönnun: Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu ehf.
Prentun: Svansprent ehf.
Útgáfa: Júlí 2004

EFNISYFIRLIT

Inngangur	5
Skipulag lögreglunnar	6
Stofnun embættis ríkislögreglustjóra	8
Hlutverk	9
Áherslur	10
Fjármál og starfsmannapróun	11
Rekstur og starfsemi	11
Almannavarnadeild	12
Alþjóðasamskipti og eftirlit með útlendingum	13
Alþjóðlegt samstarf gegn skipulagðri glæpastarfsemi	15
Alþjóðleg lögreglustörf	15
Áfengiseftirlits- og vopnalagamál	16
Afmælisár lögreglunnar 2003	16
Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar	17
Fjölmiðlasamskipti ríkislögreglustjóra	18
Forvarnir	18
Handbækur, ársskýrsla og tölfræði	19
ID-nefnd	19
Innra eftirlit	20
Leitar- og björgunarmál	20
Lögregluvefurinn	21
Rannsókn alvarlegra fjármunabrota, rannsóknaraðstoð o.fl.	22
Peningaþvætti	23
Schengen-samkomulagið	23
Sérsveit	24
Siðareglur lögreglu	25
Skipulagsmál	25
Starfsmannamál lögreglu	26
Starfsmannastefna lögreglunnar	27
Tækja- og búnaðarmál	27
Tæknirannsóknir	28
Tölvudeild	30
Umferðardeild	30
Upplýsingamál – Fíkniefnastofa	31
Öryggismál – almennt	32
Öryggismál – innri málefni	32

INNANGUR

Embætti ríkislögreglustjóra var stofnað 1. júlí 1997 er ný lögreglulög nr. 90/1996 tóku gildi. Þá var rannsóknarlögregla ríkisins lögð niður og flest verkefni hennar færð til lögreglustjóra í héraði og ríkislögreglustjóra. Ýmis stjórnarsýsluverkefni lögregludeildar dómsmálaráðuneytisins færðust einnig til embættis ríkislögreglustjóra. Með lögreglulögunum var stigið mikilvægt skref til grundvallarbreytinga á skipulagi æðstu stjórnar lögreglunnar og starfsemi lögreglunnar í landinu.

Á þeim sjö árum sem liðin eru frá stofnun embættis ríkislögreglustjóra hefur embættið tekið miklum breytingum, ekki síst vegna nýrra viðfangsefna sem að mati löggjafans falla vel að starfsemi þess. Einkum er um að ræða viðfangsefni sem færðust frá dómsmálaráðuneytinu og lögreglustjóranum í Reykjavík til ríkislögreglustjóra og vegna nýrrar Sirene-skrifstofu á Íslandi í tengslum við Schengen-samstarfið. Þá hefur ríkislögreglustjóri sett á fót eftirlit lögreglu með umferð á þjóðvegum landsins í samstarfi við Vegagerðina og tekið í notkun nútímalega fjarskiptamiðstöð fyrir lögregluliðin. Almannaþing ríkisins, sem áður höfðu með höndum heildarsamræmingu, skipulag og æfingar varðandi almannavarnir í landinu, voru lagðar niður á vordögum 2003 og verkefnin færð undir embætti ríkislögreglustjóra. Í febrúar 2004 samþykkti ríkisstjórnin tillögu dómsmálaráðherra um eflingu sérsveitarinnar sem felst í því að 16 stöður sérsveitarmanna hjá lögreglunni í Reykjavík færðust til ríkislögreglustjóra þann 1. mars 2004. Jafnframt bætast við tíu lögreglumenn hjá lögreglustjóranum í Reykjavík. Þá er að því stefnt á næstu árum að fjölga sérveitarmönnum frekar, þannig að sveitinni verði gert kleift að sinna lágmarkskröfum með tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga Íslands, svo sem vegna flugverndar, siglingaverndar og friðargæslu. Í hinu nýja skipulagi sérsveitar fær hún stöðu stoðeildar undir ríkislögreglustjóra og er hreyfanleiki sérsveitarmanna á milli umdæma á höfuðborgarsvæðinu og um allt land betur tryggður með þessum hætti.

Fram á seinni hluta árs 1999 heyrði Útlendingaeftirlitið undir ríkislögreglustjóra en var þá gert að sjálfstæðri stofnun, Útlendingastofnun. Í byrjun árs 2003 færðist frágangur og útsending sektarboða frá embætti ríkislögreglustjóra til lögreglustjórans á Hvolsvelli og staða eins lögreglumanns. Þá voru fleiri viðfangsefni færð frá embættinu í ársbyrjun 2004 með breyttu fyrirkomulagi tæknirannsókna þegar samanburðarrannsóknir færðust frá tæknirannsóknastofu ríkislögreglustjóra til lögreglustjórans í Reykjavík ásamt lögreglumönnum, sem sinna þeim á landsvísu.


Innri málefni lögreglunnar í landinu og rekstur embættis ríkislögreglustjóra hafa sífellt verið í skoðun og breytingar verið gerðar með það að markmiði að ná fram betri nýtingu á mannafla og fjármunum, skerpa betur skil milli einstakra viðfangsefna og ná fram nýjum áherslum. Má fullyrða að vel hafi tekist til í þessum efnum.

Ein leið sem farin hefur verið til að gefa góða yfirsýn yfir þróun embættisins og rekstur eru ítarlegar ársskýrslur þar sem glöggst má sjá áherslur embættisins á mismunandi tímum. Einnig hefur embættið komið upp lögregluvefnum svonefnda á veraldarvefnum sem bæði þjónar almenningi og lögreglunni. Ríkislögreglustjóri, lögreglustjórnir og Lögregluskóli ríkisins hafa hver fyrir sig heimasíðu sem allar tengjast sem ein heild. Almennigur hefur þannig aðgang að upplýsingum um lögregluna, þar á meðal um embætti ríkislögreglustjóra og lögreglumenn um land allt hafa aðgang að mikilvægum upplýsingum á innri vef embættisins.


Hér á eftir er stutt samantekt um embættið, rekstur þess, uppbyggingu og fleira. Þó svo að hér sé stiklað á stóru gefur ritið ágæta yfirsýn yfir embættið og viðfangsefni þess.

Júlí 2004
Haraldur Johannessen
ríkislögreglustjóri

SKIPULAG LÖGREGLUNNAR



SKIPURIT EMBÆTTIS RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA



EMBÆTTI RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA

Yfirstjórn og verkefni einstakra sviða



Haraldur Johannessen
Ríkislögreglustjóri



Þórir Oddsson
Vararíkislögreglustjóri

SVIÐ 1

Stjórnsýsla og rekstur

Fjármálastjórn og bókhald, áætlanagerðir, skjalavarsla.

Alþjóðamál

Alþjóðasamskipti á sviði löggæslu.

- Interpol
- Europol
- SCHENGEN - Sirene
- PTN
- Baltcom

Eftirlit með útlendingum

Eftirlit lögreglustjóra með útlendingum. Landamæraeftirlit.

Lögfræðileg málefni

Lögfræðilegar álitserðir og umsagnir.



Jón F. Bjartmarz
Yfirlögregluþjónn

SVIÐ 2

Öryggismál

Öryggisgæsluverkefni, öryggismál vegna æðstu stjórna ríkisins og sendiráða.

Sérsvait

Yfirstjórn, skipulag, stefnumótun og rekstur sérsvaitar lögreglu og annar vopnaður viðbúnaður lögreglu.

Alþjóðleg lögreglustörf

Lögreglustörf á vegum alþjóðastofnana.

Umferðarmál

Stefnumörkun og samræming lögreglu varðandi framkvæmd umferðarlöggæslu. Skipulag umferðareftirlits og rekstur sérútbúinna bifreiða.

Tækja- og búnaðarmál

Rekstur bílamiðstöðvar, ökutæki lögreglu, einkennisfatnaður og búnaður lögreglu. Eftirlit með lögreglustöðvum og búnaði.

Fjarskiptamiðstöð

Fjarskiptamál lögreglunnar. Hlutverk lögreglu varðandi leit og björgun. Samræming á sviði björgunarmála. Samvinna við aðra aðila á sviði leitar og björgunar.

Almannavarnadeild

Verkefni á sviði almannavarna.



Jónmundur Kjartansson
Yfirlögregluþjónn

SVIÐ 3

Starfsmannamál

Starfsmannamál lögreglu. Málefni er varða nema í Lögregluskóla ríkisins. Valnefnd.

Skipulagsmál

Skipulag og uppbygging lögreglulíða.

Tölvumál

Netkerfi ríkislögreglustjóra. Stefnumörkun um landskerfi lögreglu og aðgangsstýringar, umsjón með landskerfum lögreglu og þjónusta við notendur þeirra. Innri vefur ríkislögreglustjóra og heimasíða lögreglunnar (lögregluvefurinn).

Útgáfa

ökuskírteina

Umsýsla og samræming í tengslum við miðlæga útgáfu ökuskrírteina.

Áfengiseftirlits- og vopnalagamál

Leyfisveitingar. Skipulag og samræming eftirlits lögreglu. Skotvopnaskrá.



Guðmundur Guðjónsson
Yfirlögregluþjónn

SVIÐ 4

Tæknistofa

Eftirlit með framkvæmd tæknirannsóknna lögreglu, miðlægir gagnagrunnar, erlend samskipti, umsjón með störfum ID-nefndar og útgáfa leiðbeininga og verklagsreglna um tæknirannsóknir.

ID-nefnd

Rannsóknarnefnd til að bera kennsl á látna menn.

Upplýsingamál

Söfnun, skráning og úrvinnsla upplýsinga. Fikniefnastofa.

Forvarnir

Samræming á forvarnarstarfi lögreglu. Samstarf við aðra á sviði forvarna.

Menntunar- og fræðslumál

Fræðslumál og málefni Lögregluskóla ríkisins.

Handbækur - Ársskýrsla - Tölfræði

Útgáfa lögregluhandbóka og ársskýrslu ríkislögreglustjóra. Tölfræðiupplýsingar. Útgáfu-starfsemi.

Innra eftirlit

Úttektir samkvæmt ákvörðun ríkislögreglustjóra.

Heimasíða ríkislögreglustjóra

Ritstjórn á efni á heimasíðu ríkislögreglustjóra.



Jón H. Snorrason
Saksóknari

SVIÐ 5

Rannsókn og saksókn skatta- og efnahagsbrota

Rannsókn og saksókn alvarlegra fjármunabrota, þ.m. skattalagabrota og umhverfisbrota. Tölvubrot sem tengjast efnahagsbrotum, þ.m.t. innbrot í tölvukerfi.

Peningaþvætti o.fl.

Rannsókn og meðferð tilkynninga banka og peningastofnana vegna grunsemda um peningaþvætti samkvæmt lögum um varnir gegn peningaþvætti.

Alþjóðlegt samstarf við lögreglu og yfirvöld á sviði efnahagsbrota. Fræðslumál á sviði fjármuna- og efnahagsbrota.

Söfnun, úrvinnsla og skráning upplýsinga um fjármuna- og efnahagsbrota.

Rannsóknir

Brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum, eftirgrennslan og áhættugreining.

Rannsóknaraðstoð

Aðstoð við lögreglustjóra vegna rannsókna opinberra mála, þ.m.t. tölvubrota.

Auk ofangreindra verkefna sinna öll svið sérverkefnum eftir nánari ákvörðun ríkislögreglustjóra hverju sinni.



Húsnæði embættis ríkislögreglustjóra að Skúlagötu 21, Reykjavík.

STOFNUN EMBÆTTIS RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA

Embætti ríkislögreglustjóra tók til starfa 1. júlí 1997. Frá sama tíma öðluðust gildi ný lögreglulög sem leystu af hólmi lög um lögreglumenn frá 1972 og lög um rannsóknarlögreglu ríkisins frá 1976. Segja má að þau hafi verið lokaáfanginn í heildarendurskoðun á lögum um meðferð opinberra mála og yfirstjórn lögreglumála í landinu, en með nýjum lögum um meðferð opinberra mála og lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði sem tóku gildi 1. júlí 1992 urðu umfangsmestu kerfisbreytingar á dómstólaskipan og réttarfari í landinu í áratugi.

Með lögreglulögunum var komið á fót embætti ríkislögreglustjóra sem fer með málefni lögreglunnar í umboði dómsmálaráðherra. Með sama hætti fer ríkislögreglustjóri með málefni lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli í umboði utanríkisráðherra.

Sama dag og embætti ríkislögreglustjóra var stofnað, var rannsóknarlögregla ríkisins lögð niður og flest verkefni hennar færð til lögreglustjóra í héraði og embættis ríkislögreglustjóra. Með þessum breytingum var stigið skref til grundvallarbreytinga á skipulagi æðstu stjórnar lögreglunnar.

HLUTVERK

Embætti ríkislögreglustjóra tók við veigamiklum stjórn-sýsluverkefnum á sviði löggæslunnar í landinu en einnig sérhæfðum löggæsluverkefnum. Síðan hafa breytingar verið gerðar á lögreglulögunum, en helstu verkefnin samkvæmt lögum eru nú þessi:

- Að flytja og kynna lögreglustjórum boð og ákvarðanir æðstu handhafa ríkisvaldsins, sem snerta starfsemi lögreglunnar með einum eða öðrum hætti, og vinna að og fylgjast með því að þeim ákvörðunum verði fylgt í starfsemi lögreglunnar.
- Að láta dómsmálaráðherra í té upplýsingar um hvers konar lögreglumálefni sem hann getur notað til að undirbúa og byggja ákvarðanir sínar á.
- Að gera tillögur til dómsmálaráðherra um almenn fyrirmæli til lögreglustjóra.
- Að vinna að og gera tillögur um hagræðingu, samræmingu, framþróun og öryggi í starfsemi lögreglunnar.
- Að annast alþjóðasamskipti á sviði löggæslu.
- Að veita lögreglustjórum aðstoð og stuðning í lögreglustörfum.
- Að annast viðfangsefni sem eðli máls samkvæmt eða aðstæðna vegna kalla á miðstýringu eða samhæfingu á landsvísi eða samstarf við lögreglu í öðru landi.
- Að hafa með höndum yfirstjórn eða gefa fyrirmæli um framkvæmd einstakra löggæsluverkefna sem krefjast viðamikils undirbúnings eða þátttöku lögreglumanna úr fleiri en einu umdæmi. Ríkislögreglustjóri skal að fengnu samþykki dómsmálaráðherra tilkynna hlutaðeigandi lögreglustjóra eða lögreglustjórum ákvörðun sína varðandi stjórn löggæsluverkefnis með hæfilegum fyrirvara.
- Að halda málaskrá um kærur sem berast lögreglu um afbrot með öllum nauðsynlegum upplýsingum sem mál varða, dagbók lögreglu með upplýsingum um erindi til lögreglu og úrlausn þeirra, skrá yfir handtekna menn og aðrar skrár sem nauðsynlegar eru í þágu löggæsluhagsmuna til að afstýra yfirvofandi hættu eða sporna gegn afbrotum. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um þessar skrár.
- Að fara með yfirstjórn almannavarna í umboði ráðherra, að höfðu samráði við almannavarnaráð.





Sérstök verkefni sem ríkislögreglustjóra ber að hafa með höndum eru:

- Að starfrækja lögreglurannsóknardeild sem rannsakar skatta- og efnahagsbrot.
- Að starfrækja lögreglurannsóknardeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og aðstoðar lögreglustjóra við rannsókn alvarlegra brota.
- Að starfrækja almenna deild er annist kerfisbundna skráningu upplýsinga um lögreglumálefni, hafi umsjón með kaupum á ökutækjum, búnaði og fatnaði lögreglu og hafi reglulegt eftirlit með lögreglustöðvum, tækjum þeirra og búnaði.
- Að starfrækja alþjóðadeild er annist alþjóðleg boðskipti.
- Að starfrækja rannsóknastofu sem hafi eftirlit með framkvæmd tæknirannsókna lögreglu, þar með rekstri miðlægra gagnagrunna lögreglu á sviði tæknirannsókna, annist erlend samskipti vegna tæknirannsókna og samstarf, haldi skrá um horfið fólk, hafi umsjón með störfum kennslanefndar (ID-nefndar) og útgáfu leiðbeininga og verklagsreglna um tæknirannsóknir sem ríkislögreglustjóri setur.
- Að starfrækja áfengiseftirlitsdeild sem annist eftirlit með meðferð áfengis.
- Að starfrækja almannavarnadeild sem annist verkefni á sviði almannavarna.

ÁHERSLUR

Frá stofnun embættis ríkislögreglustjóra hefur verið unnið mikið starf að samræmingu innan lögreglunnar, en einnig til að bæta verklag hinna ýmsu þátta lögreglustarfsins og auka markvissar aðgerðir. Þar má nefna ýmsar skrár og gagnasöfn um afbrot og brotamenn, handbækur, reglur, leiðbeiningar, umsagnir og tillögur, úttektir og fræðilegar rannsóknir.

Í grófum dráttum má skipta megináherslum undanfarinna ára í eftirfarandi þætti:

- Samræming verklags við framkvæmd lögreglustarfa, samhæfing lögregluíðna, aðstoð við lögregluembættin.
- Sérhæfð verkefni sem unnin eru á landsvísu eða í alþjóðasamstarfi og eiga vegna samræmingar- og þjónustuhlutverks betur heima hjá ríkislögreglustjóra en hjá einstökum embættum.
- Starfsmannamál og innri málefni lögreglunnar, uppbygging tækja- og tæknibúnaðar og góð heildaryfirsýn um stöðu lögreglunnar í landinu og þróun afbrota.

Mikilvægur þáttur í réttaröryggi er að málefni er varða almenning fái sömu meðferð hvar sem er á landinu. Áður var slík samræmingarvinna í höndum lögregluskrifstofu dómsmálaráðuneytisins en mörgu var ólokið og margt nýtt blasir við, svo sem varðandi almannaoöryggi á tímum alþjóðlegrar hryðjuverkaógnar, frekari þróun og fleira.



FJÁRMÁL OG STARFSMANNAÞRÓUN

Samhliða nýjum viðfangsefnum og fjölgun starfsmanna hjá embætti ríkislögreglustjóra hefur rekstrarkostnaður vaxið. Þannig var heildarrekstrarkostnaður rúmlega 216 milljónir árið 1998 en rúmlega 680 milljónir árið 2003. Að hluta til skýrist aukinn kostnaður í starfsmannahaldi af launahækkunum lögreglumanna. Þá hefur mikil áhersla verið lögð á uppbyggingu tækja- og tækniþúnaðar lögreglunnar í landinu og skýrir það einnig að hluta aukin útgjöld embættisins.

Starfsmannafjöldi embættisins 1. apríl 2004 var 97, þar af 76 lögreglumenn. Við stofnun embættisins 1997 voru starfsmenn 32, þar af 21 lögreglumaður. Fjölgun starfsmanna stafar fyrst og fremst af tilflutningi verkefna sem að mati löggjafans eiga betur heima hjá ríkislögreglustjóra vegna samræmingar- og þjónustuhlutverks sem hann gegnir fyrir lögregluna í landinu. Þá hefur starfsmönnum í efnahagsbrotadeild verið fjölgað.

REKSTUR OG STARFSEMI

Yfirstjórn embættisins er í höndum sex manna: ríkislögreglustjóra, vararíkislögreglustjóra og sviðsstjóra. Vararíkislögreglustjóri er jafnframt sviðsstjóri á sviði 1. Þetta felur í sér að yfirmönnum er falin ábyrgð í rekstri embættisins, sveigjanleiki verður meiri í stjórnun, bæði manna og verkefna, kostnaðarvitund starfsmanna verður skýrari og aðhald meira í rekstri. Embættið er rekið innan ramma fjárlaga.

Frá stofnun embættisins hefur verið unnið að sömu grunnviðfangsefnum og þá voru ákveðin.



Því til viðbótar hefur fleiri verkefnum verið bætt á embættið sem leiða af eðli þess og heildarskipulagi lögreglu í landinu. Þetta eru ýmis verkefni á landsvísu, eða þau varða samræmingar- og þjónustuhlutverk lögreglunnar. Þar má nefna rekstur fjarskiptamiðstöðvar, bílamiðstöðvar, sérsveitar og umferðardeildar. Ennfremur var, til að fullnægja skilyrðum Schengen-samkomulagsins, komið upp hjá embættinu svonefndri Sirene-skrifstofu sem af hagkvæmnisástæðum var felld undir alþjóðadeildina. Þá hefur embættinu nýlega bæst almannavarnadeild.

ALMANNAVARNADEILD

Almannavarnir ríkisins, sem áður höfðu með höndum heildarsamræmingu, skipulag og æfingar varðandi almannavarnir í landinu, voru lagðar niður á vordögum 2003. Öll verkefni þeirrar stofnunar voru færð til ríkislögreglustjóra og má sjá ýmislegt til hagræðingar í þeirri ráðstöfun, enda fara lögreglustjórar með stjórn almannavarna, hver í sínu umdæmi.

Ríkislögreglustjóri annast heildarskipulagningu almannavarna og sér um framkvæmdir á þeim þáttum sem falla undir ríkisvaldið að höfðu samráði við almannavarnaráð. Í því felst m.a. að samhæfa gerð almannavarnaáætlana sveitarfélaga og stofnana, og hafa eftirlit með endurskoðun og viðhaldi þeirra.

Meðal verkefna ríkislögreglustjóra vegna almannavarna eru:

- Að tryggja fjarskipti milli lögregluumdæma.
- Vöktun og mat á hættu ásamt öflun upplýsinga í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir.
- Viðbúnaður vegna geisla- og kjarnorkuvár í samvinnu við Geislavarnir ríkisins.
- Viðbúnaður vegna mengunaróhappa í samvinnu við Umhverfisstofnun og landlæknisembættið.
- Að hafa samvinnu við yfirdýralækni og landlæknisembættið um viðbrögð og varnaraðgerðir gegn dýrasjúkdómum sem ógnað geta almanniheill.
- Að annast viðvaranir vegna yfirvofandi eða viðvarandi hættuástands í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir.
- Forvarnir, leiðbeiningar og almenningsfræðsla í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir.
- Samhæfing í þjálfun og fræðslu yfirmanna og leiðbeinenda.

- Eftirlit og umsjón með ráðstöfunum á sviði almannavarna vegna æðstu stjórnar landsins og mikilvægra stofnana ríkisins, samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.
- Að halda yfirlit yfir björgunarbúnað og staðsetningu hans.
- Skipulagning og yfirstjórn á flutningi fólks af hættu-svæðum.
- Yfirstjórn á aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnana.
- Umsjón með almannavörnum í héraði.
- Aðrar ráðstafanir sem ráðherra ákveður í samráði við ríkislögreglustjóra.



Ríkislögreglustjóri skal jafnframt stuðla að, fylgjast með og samræma ráðstafanir sem miða að því að draga úr líkum á líkams- og eignatjóni af völdum náttúruhamfara eða af annarri vá, svo sem með gerð varnarsvæða eða með öðrum verndarráðstöfunum.

ALPJÓÐASAMSKIPTI OG EFTIRLIT MEÐ ÚTLENDINGUM

Samskiptaleiðir alpjóðadeildar ríkislögreglustjóra við erlend yfirvöld eru í meginatriðum fjórar, þ.e. við Interpol, Europol, PTN (samstarf lögreglu og tollgæslu á Norðurlöndum) og beint samband við lögregluumdæmi á Norðurlöndum. Þá má nefna samstarf Eyrstrasaltsríkja (Baltcom), þar sem Ísland er einnig þátttakandi, en að mestu með áheyrnaraðild. Það samstarf heyrir undir forsætisráðuneytið en íslensk lögregla er ekki virkur þátttakandi.

Flest mál alpjóðadeildar eru í tengslum við Interpol – alpjóðasamband sakamála lögreglu. Málin eru mjög fjölbreytt. Upplýsingar berast og eru sendar um fíkniefnamál, eftirlýsta sakamenn og týnt fólk. Einnig berast iðulega fyrirspurnir um íslenska löggjöf á ýmsum sviðum. Þegar Íslendingar eru handteknir erlendis er yfirleitt óskað upplýsinga um brotaferil þeirra hérlandis. Að sama skapi leitar deildin upplýsinga um brotaferil þeirra útlendinga sem handteknir eru á Íslandi. Alpjóðadeildin annast milligöngu um skýrslutöku af vitnum og sakborningum erlendis og framsendir einnig mál til rannsóknar milli landa. Deildin samræmir störf lögreglunnar í landinu við eftirlit með útlendingum og landamæragæslu. Þetta er gert með þjálfun, fræðslu og aðstoð. Þá veitir deildin lögreglustjóranum á Seyðisfirði aðstoð við komu farþega- og bíla-ferjunnar Norrænu og kemur með ýmsum hætti að málefnum hælisleitenda og útlendinga



sem koma ólöglega til landsins, og aðstoðar staðarlögreglu við frumrannsókn slíkra mála. Hún rannsakar feril og reynir að bera kennsl á útlendinga með margs konar samskiptum við erlend yfirvöld og stofnanir, svo sem með fyrirspurnum, m.a. rafrænt í miðlægan gagnagrunn (Eurodac). Að sama skapi sér deildin um að svara fyrirspurnum að utan um hælisleitendur sem sótt hafa um hæli í aðildarríkjum Schengen-samningsins.

Náið samstarf er við Útlendingastofnun og þegar komið er að framkvæmd brottvísunar fólks úr landinu tekur alþjóðadeildin við málinu, annast undirbúning, samskipti við erlend sendiráð og yfirvöld varðandi vegabréf, flugfélög og lögreglu á millilendingarstað og áfangastað.


Ef útlendingar fremja afbrot hér á landi er ferill þeirra kannaður erlendis og reynt að bera á þá kennsl ef það hefur ekki verið gert áður með óyggjandi hætti. Deildin aðstoðar það lögregluð sem rannsakar málin á ýmsan hátt, t.d. með gagnaöflun erlendis, skýrslutökum og jafnvel við að fá heimild til að íslenskir rannsóknaraðilar fari utan til að afla sönnunargagna. Að afplánun lokinni kveður Útlendingastofnun yfirleitt upp úrskurð um brottvísun og endurkomubann og deildin framkvæmir það á sama hátt og aðrar brottvísanir.

Þegar Íslendingar gerast brotlegir í útlöndum eru iðulega sendar fyrirspurnir um þá til íslenskra yfirvalda með atbeina alþjóðadeildar. Þá heldur deildin utan um málefni þeirra Íslendinga sem eru eftirlýstir af íslenskum yfirvöldum í útlöndum til handtöku og framsals hingað til lands. Til að hafa uppi á þeim notar deildin aðallega tvenns konar skráningar. Annars vegar hjá Interpol, ýmist innan ákveðins svæðis eða í öllum aðildarlöndunum (181), og hins vegar, frá árinu 2001, í Schengen-upplýsingakerfinu (Schengen Information System - SIS).

ALPJÓÐLEGT SAMSTARF GEGN SKIPULAGÐRI GLÆPASTARFSEMI

Ríkislögreglustjóri skipaði í byrjun árs 2004 stýrihóp með fulltrúum lögreglu og tollgæslu, sem leita á leiða til þess að koma í veg fyrir að alþjóðleg glæpasamtök nái fótfestu á Íslandi.

Embættið hefur samstarf við lögreglu í öðrum löndum, m.a. í gegnum Interpol, Europol og við embætti ríkislögreglustjóra á Norðurlöndum um að sporna gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi. Samvinnan felur m.a. í sér miðlun upplýsinga um félaga í mótorhjólateggjum, einkum Hells Angels og Bandidos.



Ljósmynd: Sverrir Vilhelmsson, Mbl.

Góð reynsla er af þessu samstarfi og hefur íslenska lögreglan á grundvelli þessa samstarfs neitað óæskilegum einstaklingum um landgöngu og vísað þeim frá landinu.

ALPJÓÐLEG LÖGREGLUSTÖRF

Árið 1997 ákvað ríkisstjórn Íslands að taka þátt í og treysta fjölþjóðlegt samstarf um uppbyggingu lögreglunnar í Bosníu og Hersegóvínu.

Íslenskir lögreglumenn hafa starfað við friðargæslu í hinni alþjóðlegu lögreglusveit Sameinuðu þjóðanna, bæði í Bosníu og Hersegóvínu og í Kosovo. Friðargæslustarfið í Bosníu og Hersegóvínu er nú á vegum Evrópusambandsins (ESB) og starfa þar íslenskir lögreglumenn. Sá munur er á friðargæslustörfum lögreglumannanna í Kosovo annars vegar og í Bosníu og Hersegóvínu hins vegar, að í Kosovo eru þeir vopnaðir og hafa óskorað lögregluvald en í Bosníu og Hersegóvínu hafa lögreglumennirnir ekki umboð til valdbeitingar. Þar felst starfið í eftirliti með yfirvöldum, auk kennslu, þjálfunar og rannsóknarstarfa. Íslenskir lögreglumenn hafa notið góðs álitis í þessu starfi og nokkrir hlotið þar mikinn frama.

Utanríkisráðuneytið hefur forræði af Íslands hálfu varðandi þátttöku í friðargæslu. Embætti ríkislögreglustjóra hefur umsjón með undirbúningi og störfum íslensku lögreglumannanna í þessum löndum.



ÁFENGISEFTIRLITS- OG VOPNALAGAMÁL

Ríkislögreglustjóri hefur það hlutverk að vinna að stefnumörkun í áfengiseftirlits- og vopnalagamálum, auk þess að annast leyfisveitingar og aðra starfsemi sem heyrir undir þá málaflokka. Í því felst m.a. að samræma vinnureglur fyrir lögregluna sem hefur eftirlit með að lög um þessi málefni séu haldin og gefur út leyfi af ýmsum toga samkvæmt þeim.

Í sumum tilvikum, þar sem lögreglustjórar annast leyfisveitingar samkvæmt vopnalögum, þarf heimild ríkislögreglustjóra að liggja fyrir áður en leyfi eru gefin út. Starfsleyfi til þeirra sem framleiða, flytja inn og versla með áfengi, vopn, skotelda og sprengiefni í atvinnuskyni eru hins vegar gefin út af ríkislögreglustjóra og þar er haldin skrá um þá starfsemi. Þá annast embættið útgáfu leyfa fyrir öllum flutningi vopna til og frá landinu.

AFMÆLISÁR LÖGREGLUNNAR 2003

Fyrstu einkennisbúnu lögreglumennirnir hérlandis hófu störf í Reykjavík árið 1803. Embætti ríkislögreglustjóra hélt 200 ára afmæli þeirra tímamóta hátíðlegt í samvinnu við lögregluna í landinu, samtök lögreglumanna og dómsmálaráðuneytið. Þá voru gefnir út minnispeningar, minjagripir og frímerki af tilefninu, opnuð sögusýning lögreglunnar og sérstakur Lögregludagur var haldinn um allt land hinn 26. apríl það ár. Þann dag var opið hús á lögreglustöðvum og nýttu sér það um 10 þúsund manns.

Þá gaf embætti ríkislögreglustjóra út ritið *Ágrip af sögu lögreglunnar* sem fjallar um löggæslu fyrri alda, lögregluna frá tímum vaktaranna upp úr miðri 18. öld og lögreglu nútímans. Ritið gefur góða mynd af sögu, þróun og uppbyggingu lögreglunnar frá upphafi og til vorra daga. Ritið vann afmælisnefnd ríkislögreglustjóra í samvinnu við sýslumann Snæfellinga fyrir hönd Sýslumannafélags Íslands, sem fékk Sólborgu Unu Pálsdóttur sagnfræðing til að semja kaflann um löggæslu fyrri alda, allt fram að tímum vaktaranna. Ritið hefur einnig verið gefið út á ensku.

FJARSKIPTAMIÐSTÖÐ LÖGREGLUNNAR

Á árinu 2000 var fjarskiptabúnaður lögreglunnar á suðvesturhorni landsins endurnýjaður. Samhliða þessu var fjarskiptamiðstöð lögreglunnar (FML) sett á stofn og í júní sama ár færðist fjarskiptaþjónusta lögreglustjórans í Reykjavík til fjarskiptamiðstöðvarinnar. Síðan bættust við lögreglan í Kópavogi, Hafnarfirði, Keflavík, á Keflavíkurflugvelli og Selfossi. Tekið var í notkun nýtt og fullkomið stafrænt fjarskiptakerfi (TETRA) og er stefnt að því að fjarskiptamiðstöðin þjóni öllum lögregluembættunum í framtíðinni. Er þetta á meðal mikilsverðustu samræmingar- og þjónustuverkefna ríkislögreglustjóra.



Með tilkomu fjarskiptamiðstöðvarinnar hófst samvinna við Neyðarlínuna, sem hefur gengið vel. Hlutverk Neyðarlínunnar vegna þjónustu við lögreglu er að svara öllum símtölum vegna neyðartilvika og aðstoðarbeiðna til lögreglu. Nær þessi þjónusta til allra símtala sem áður fóru um sérstök útkallsnúmer (neyðarnúmer) lögregluliðanna. Neyðarlínan annast fyrstu skráningu og forgangs röðun neyðarsímtala, eftir því hvort um er að ræða neyðarverkefni eða önnur útkallsverkefni og framsendir þau síðan rafrænt til fjarskiptamiðstöðvar. Þannig er öllum símtölum, þar sem óskað er aðstoðar lögreglu á suðvesturhorni landsins, beint til fjarskiptamiðstöðvar. Símtölum sem ekki teljast neyðarverkefni eða útkallsverkefni vísar Neyðarlínan hins vegar í símanúmer viðkomandi lögregluliðs.

Þetta fyrirkomulag eykur öryggi borgaranna og er til þess fallið að stytta útkallstíma og stórkauka skipulögð viðbrögð og samstarf lögregluliðanna, til dæmis þegar alvarleg slys verða eða grípa þarf til aðgerða sem ná til fleiri en eins umdæmis. Einn af mikilvægustu eiginleikum hins nýja kerfis er að lögreglumenn geta nú haft bein og milliliðalaus samskipti sín á milli vegna tiltekinna mála sem upp koma, óháð því hjá hvaða embætti þeir starfa, sem er til mikils hagræðis og öryggis. Með Tetra-fjarskiptakerfinu er mögulegt að sjá staðsetningu lögreglubifreiða á svæðinu á tölvuskjám fjarskiptamiðstöðvar með svokallaðri ferilvöktun. Búnaðurinn gefur sjálfvirktt upp staðsetningu bifreiðanna ásamt fleiri upplýsingum sem nýtast við löggæslu. Reynslan bendir til þess að búnaðurinn stuðli að betra skipulagi, yfirsýn og nýtingu tækja og mannafla lögregluliðanna. Fyrirkomulagið eykur einnig öryggi lögreglumanna þar sem auðveldara og fljótlegra er að bregðast við beiðni um aðstoð úr öðru umdæmi.



FJÖLMIÐLASAMSKIPTI RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA

Ríkislögreglustjóri, vararíkislögreglustjóri, saksóknari og yfirlögregluþjónar fara með samskipti embættisins við fjölmiðla og veita þeim upplýsingar.

Í samskiptum við fjölmiðla gildir sú regla að yfirmenn tjá sig um þá verkþætti og málefni sem varða þeirra svið. Skarist verkefni eða varða fleiri en eitt svið skulu sviðsstjórar hafa samráð.

Yfirmenn sviða geta í einstökum og afmörkuðum tilvikum falið undirmönnum sínum að ræða við fjölmiðla. Samskipti við fjölmiðla og umfjöllun skal ávallt taka mið af þeim markmiðum og þeirri stefnu sem ríkislögreglustjóri hefur markað. Þá ber að tryggja að starfsmenn ríkislögreglustjóra fjalli ekki um mál eða málefni sem lögreglustjórar eiga eðli máls samkvæmt að tjá sig um.

FORVARNIR

Ríkislögreglustjóri vinnur að hagræðingu, samræmingu og framþróun forvarna- og fræðslustarfs lögreglunnar í landinu. Markmiðið er að fækka afbrotum og stuðla að betra þjóðfélagi.

Haustið 2001 skipaði ríkislögreglustjóri vinnuhóp lögreglumanna til að fara yfir kennsluefni sem lýtur að forvarnastarfi. Áhersla var lögð á að samræma allt tiltækt kennsluefni sem lögreglumenn hafa notað hver í sínu umdæmi, sérstaklega það efni sem notað hefur verið fyrir börn og unglinga. Vinnuhópurinn hafði til hliðsjónar norskt fræðsluefni um forvarnir sem ríkislögreglustjóri fékk heimild til að nota eftir þörfum. Unnið var við fræðsluefnið í samstarfi við lögreglustjórana, Lögregluskóla ríkisins, Námsgagnastofnun og aðra sem tengjast þessu viðfangsefni.

Í byrjun árs 2003 gáfu ríkislögreglustjóri og Námsgagnastofnun út samræmt kennsluefni fyrir lögreglu til forvarna í leikskólum, skólum og fyrir foreldra. Í framhaldinu héldu Lögregluskóli ríkisins, ríkislögreglustjóri og lögreglustjórinn í Reykjavík vikunámskeið fyrir lögreglumenn á landinu öllu sem sinna forvarnastarfi.

HANDBÆKUR, ÁRSSKÝRSLA OG TÖLFRÆÐI

Handbækur hafa m.a. verið gefnar út um lögregluaðgerðir, brunarannsóknir, vettvangsrannsóknir og samræmdar forvarnir. Þá hafa verið gefnar út ýmsar reglur og leiðbeiningar fyrir lögreglu. Miðar þetta að því að samræma og bæta verklag, auka fræðslu og gera lögreglu mögulegt að ná sem bestum árangri.



Eitt af viðfangsefnum embættisins er að safna og vinna úr upplýsingum um afbrot. Gögn sem þannig fást eru aðgengileg lögregluembættunum og notuð í þágu löggæslunnar. Má nefna í þessu sambandi ársskýrslur ríkislögreglustjóra, árlega skýrslu um afbrotatölfræði og skýrslur um afmarkað efni, svo sem fræðilegar rannsóknir. Einnig er mikið um fyrirspurnir um afbrot og afbrotatölfræði. Þá eru unnar ýmsar samantektir, svo sem fyrir dómsmálaráðuneytið, Interpol, Sameinuðu þjóðirnar, erlenda háskóla og aðrar stofnanir.

ID-NEFND

Sérstök rannsóknarnefnd, sem hefur það hlutverk að bera kennsl á látna menn, heyrir stjórn-sýslulega undir ríkislögreglustjóra. Nefndin kallast kennslanefnd, einnig kölluð ID-nefnd. Í henni eru tveir lögreglumenn, af almennu sviði og tæknisviði, réttarlæknir og tannlæknir. Hver nefndarmaður hefur tvo varamenn. Hlutverk nefndarinnar er að leitast við að bera kennsl á menn þegar margir hafa týnt lífi í flugslysum, skriðuföllum, flóðum, skipstöpum eða öðrum náttúruhamförum, eða þegar óþekkt lík eða líkamsleifar finnast, og að safna upplýsingum og öðrum gögnum og tryggja varðveislu þeirra í því skyni að varpa ljósi á orsakir óhapps eða ábyrgð á óhappi.

Ísland hefur haft allmikið samstarf til margra ára við Norðurlöndin á þessu sviði. Rannsóknarnefndirnar á Norðurlöndum funda á hverju ári til að fara yfir helstu viðfangsefni sín, jafnframt því að kynna nýjungar á þessu sviði.



Ljósmynd: Embætti ríkislögreglustjóra

Að beiðni alþjóðlega stríðsglæpadómstólsins í fyrrum Júgóslavíu var íslenska nefndin kölluð til starfa í Kosovo árið 1999. Þar starfaði hún um tveggja vikna skeið. Unnið er eftir staðli sem Interpol hefur gefið út og eru notuð sérhönnuð eyðublöð frá þeirri stofnun, en þau eru nú í sérstökum gagnagrunni sem auðveldar og flýttir fyrir samkenningu. Embættið sækir árlegan fund Interpol um þetta málefni, en aukin áhersla er á alþjóðlegt samstarf í þessum efnum, m.a. vegna þeirrar ógnar sem nú stafar af hryðjuverkasamtökum.

INNRA EFTIRLIT

Innra eftirlit felst m.a. í athugun á atriðum sem snúa að störfum lögreglu í einstaka málum, eða skipulagi við lögreglustjórn, samskiptum og hverju því öðru sem skipt getur máli fyrir lögregluna í landinu. Þá falla hér undir samantektir um lögreglumálefni, svo sem fyrir ráðuneyti.

Ríkislögreglustjóri mælir fyrir um úttektir eftir því sem honum sýnist þörf á og fer um slíka athugun eftir atvikum hverju sinni. Þetta breytir hins vegar ekki á neinn hátt ábyrgð lögreglustjóra um eftirlit með eigin starfsemi.

LEITAR- OG BJÖRGUNARMÁL

Lögreglustjórar fara með yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða á landi. Um björgun sem heyrir undir skipulag almannavarna gilda sérstök lög.

Ríkislögreglustjóri veitir lögreglustjórum aðstoð vegna leitar- og björgunaraðgerða og annast viðfangsefni sem eðli málsins samkvæmt eða aðstæðna vegna kalla á miðstýringu eða sam-hæfingu lögregluliða. Þá mælir hann fyrir um skipulag samstarfs lögregluliða við leitar- og björgunaraðgerðir og annast samstarf við lögreglu í öðru landi, er m.a. tengiliður við erlend lögregluyfirvöld varðandi björgun og rannsókn slysa.

Ríkislögreglustjóri fer með samskipti lögreglunnar við önnur stjórnvöld en lögreglu, sem fara með forræði leitar- og björgunaraðgerða, og tryggir samráð þeirra við lögreglu. Af hálfu ríkislögreglustjóra annast fjarskiptamiðstöð lögreglunnar daglega umsjón og samræmingu leitar- og björgunarmála, og samskipti við samstarfsaðila.

Ný og glæsileg björgunarmiðstöð að Skógarhlíð 14 var formlega opnuð föstudaginn 26. mars 2004. Í björgunarmiðstöðinni starfa aðilar sem gegna lykilhlutverki í viðbúnaði landsmanna vegna hvers kyns slysa og náttúruhamfara, auk þess að sinna margvíslegu forvarnastarfi.



LÖGREGLUVEFURINN – www.logreglan.is

Ríkislögreglustjóri hefur umsjón með lögregluvefnum. Vefnum er ætlað að veita almenningi haldgóðar upplýsingar um löggæsluna en jafnframt er rekinn svokallaður innri vefur lögreglunnar með efni sem eingöngu er ætlað lögreglu. Ríkislögreglustjóri, Lögregluskóli ríkisins og lögregluembættin hafa öll sérstaka heimasíðu sem tengdar eru sem ein heild.

Lögregluvefurinn er lifandi vefur með fróðlegum upplýsingum úr sögu lögreglunnar, um uppbyggingu hennar og skipulag, en einnig með fréttum af lögreglustarfinu, tilkynningum og fleiru. Þar er einnig að finna netföng starfsmanna lögreglu og hægt er að senda fyrirspurnir til lögreglunnar á netpósti. Þá heldur ríkislögreglustjóri úti síðu á vefnum á ensku, þar sem er að finna margvíslegar upplýsingar um lögregluna, afbrotatölfræði o.fl.

Meðal efnis á innri vef má nefna umburðarbréf ríkislögreglustjóra til lögreglustjóranna og Lögregluskóla ríkisins, ýmsar reglur, leiðbeiningar og upplýsingar fyrir lögreglu.



RANNSÓKN ALVARLEGRA FJÁRMUNABROTA, RANNSÓKNARAÐSTOÐ O.FL.

Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra fer með rannsókn og saksókn alvarlegra fjármunabrota. Einnig fer deildin með rannsókn ákveðinna sérrefsilagabrota, þ.e. brota gegn skattalögum, tollalögum (tollsvik), lögum sem varða gjaldeyrismál, verðlagsmál, verðbréfa- og lánsviðskipti, umhverfisvernd, vinnuvernd og stjórn fiskveiða.

Þá annast deildin rannsókn allra svokallaðra efnahagsbrota, en þau eru skilgreind sem refsiverð háttsemi í hagnaðarskyni, sem fer fram kerfisbundið og reglulega í annars löglegri atvinnustarfsemi lögaðila eða einstaklinga. Þá falla undir efnahagsbrotadeildina fræðslumál á sviði fjármuna- og efnahagsbrota auk söfnunar, úrvinnslu og skráningar upplýsinga um þau.

Ríkislögreglustjóra ber auk þess að starfrækja lögreglurannsóknadeild sem rannsakar landráð og brot gegn æðstu stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og aðstoða lögreglustjóra við rannsókn alvarlegra brota. Með alvarlegum brotum er m.a. átt við manndráp, nauðgun, stórfellda líkamsárás og brennu. Ennfremur rannsakar deildin eða veitir lögregluembættunum aðstoð, eftir atvikum, vegna alvarlegra brota sem framin eru með tölvum eða tengjast þeim, hvort sem um er að ræða vélbúnað, hugbúnað eða tölvugögn. Í greinargerð með lögreglulögunum er gert ráð fyrir að í rannsóknadeildinni vinni fámennur hópur sérfræðinga sem tryggður verði aðgangur að þekkingu á sérhæfðum rannsóknum héraðs og erlendis, og miðli öðrum lögreglumönnum, sem við rannsóknir starfa, af þeirri þekkingu.

PENINGAÞVÆTTI

Löggjöf um varnir gegn peningaþvætti, sem gerir fjármálastofnunum, fasteignasölum, skipamiðlurum og fleirum rétt og skylt að tilkynna hvers konar óskýrðar og/eða óeðlilegar peningafærslur eða viðskipti til efnahagsbrotadeildar, hefur gríðarlega þýðingu við uppljóstranir og rannsókn stærri og flóknari sakamála. Efnahagsbrotadeildin kannar í kyrrþey atvik máls og ef tilefni er til hefur hún rannsókn sjálf eða beinir málinu til lögreglu ef málið tengist atvikum hjá lögreglustjóra í ákveðnu lögregluumdæmi. Í þessu sambandi má nefna ýmis efnahagsbrot og stórfelld fíkniefnabrot.



Teikning: Halldór Baldursson

Efnahagsbrotadeildin hefur haft mjög góða samvinnu við fjármálastofnanir og aðra um þessi málefni, t.d. með sameiginlegri fræðslu, og hefur tilkynningum fjölgað ár frá ári.

SCHENGEN-SAMKOMULAGIÐ

Frá 25. mars 2001 er Ísland þátttakandi í samstarfi við fjórtán önnur Evrópuríki, með svo nefndum Schengen-samningi. Með honum er felld niður eftirlit með ferðum manna yfir sameiginleg landamæri þessara ríkja um leið og það er eftt gagnvart öðrum ríkjum í baráttunni gegn alþjóðlegri brotastarfsemi.

Einn grundvöllur samstarfsins er SIS-gagnagrunnurinn, með upplýsingum um stolna muni eins og til dæmis bifreiðar, skotvopn og skilríki. Þá eru þar geymdar upplýsingar um eftirlýsta menn, til að mynda týnda menn, menn sem neita á um inngöngu á Schengen-svæðið og menn sem koma þurfa fyrir dóm eða birta á dóm í opinberu máli eða boða til afplánunar fangelsisrefsingar. Einnig menn sem óskað er eftir að handteknir verði vegna framsals.

Í Schengen-samkomulaginu er mælt fyrir um að hver samningsaðili skuli tilnefna yfirvald sem ber meginábyrgð á viðkomandi landseiningu Schengen-upplýsingakerfisins.



Í þennan gagnabanka getur lögregla sótt gögn, auk þess sem Útlendingastofnun hefur aðgang að upplýsingum um þá sem skráðir eru óæskilegir á Schengen-svæðinu. Gagnabankinn leiðir til mjög aukins upplýsingaflæðis og auðveldar allt samstarf á milli yfirvalda Schengen-ríkjanna. Hvert aðildarlandanna hefur komið sér upp miðlægri landsskrifstofu, svonefndri Sirene-skrifstofu, þar sem starfsmenn fara yfir og leggja mat á allar upplýsingar áður en þær eru skráðar inn í gagnabankann.

Skrifstofan er einnig eins konar miðpunktur lögreglu-embætta í viðkomandi landi, og gagnvart öðrum Schengen-löndum, þegar dreifa skal upplýsingum í gegnum gagnabankann. Sirene-skrifstofan á Íslandi er undir stjórn alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra.

SÉRSVEIT

Sérsveit ríkislögreglustjóra tekst á við öryggismál og lögreglustörf sem krefjast vopnaburðar þegar þörf krefur, hvar sem er á landinu og innan efnahagslögsögu þess. Allt forræði sérsveitarinnar er hjá ríkislögreglustjóra, svo sem rekstur, búnaður, þjálfun og stefnumótun um verkefni og vinnuaðferðir.

Valdbeiting er síðasta úrræði lögreglu í hverju máli og áður en kemur til þess að beita vopnum reynir lögreglan öll önnur úrræði til þess að afvopna menn og telja þá af fyrirætlunum sínum. Í því skyni hefur nokkur fjöldi lögreglumanna verið þjálfður í samningatækni. Þessir lögreglumenn eru kvaddir til í vopnamálum og þegar lífi er ógnað. Þá er sveitin sérþjálfuð til þess að fást við óeirðir.

Þeir lögreglumenn sem heyra undir sérsveitina og samningahóp hennar hafa hlotið mikla þjálfun og staðist erfið próf. Þeir sinna almennum lögreglustörfum og starfa eins og aðrir lögreglumenn óvopnaðir við hin daglegu störf sín.

SIÐAREGLUR LÖGREGLU

Í júní 2003 gaf ríkislögreglustjóri út siðareglur fyrir lögreglu. Aðdragandi þess var sá að ríkislögreglustjóri skipaði starfshóp til að gera tillögu að siðareglum fyrir lögreglu byggðar á samþykkt ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. 10 frá 19. september 2001, um siðareglur lögreglunnar í Evrópu. Formaður starfshópsins var skólastjóri Lögreglu-skóla ríkisins. Aðrir í hópnum voru sýslumaður Snæfell-inga, fulltrúi frá dómismálaráðuneytinu, fulltrúi frá Landssambandi lögreglumanna og fulltrúi frá embætti ríkislögreglustjóra. Auk siðareglna Evrópuráðsins aflaði vinnuhópurinn ýmissa annarra gagna, svo sem siðareglna lögreglu annarra landa. Tillögur nefndarinnar voru sendar Siðfræðistofnun Háskóla Íslands til umsagnar og var tekið tillit til þeirra ábendinga sem þaðan komu.



SKIPULAGSMÁL

Einkum er um að ræða verkefni í tengslum við uppbyggingu og skipulag lögregluliða. Undir þetta falla einnig úttektir á löggæsluþætti lögregluembættanna í tengslum við embættis-athuganir sem unnar eru að beiðni dómismálaráðuneytisins, oftast í samvinnu við starfsmenn þess. Í reglugerð nr. 49/2002 um starfsstig innan lögreglunnar er fjallað um skipulag og röðun starfsstiga eftir stærð lögregluliða.

Ríkislögreglustjóri ákveður fjölda yfirmanna í lögreglu, annarra en yfirlögregluþjóna og aðstoðar-yfirlögregluþjóna, að fengnum tillögum lögreglustjóranna.

Dómismálaráðherra staðfestir skipurit lögregluliða að fenginni umsögn ríkislögreglustjóra.



STARFSMANNAMÁL LÖGREGLU

Dómsmálaráðherra ákveður fjölda lögreglumanna í hverju umdæmi í samráði við ríkislögreglustjóra að fengnum tillögum hlutaðeigandi lögreglustjóra.

Ráðherra skipar ríkislögreglustjóra, vararíkislögreglustjóra og lögreglustjóra auk varalögreglustjóra í Reykjavík. Þá skipar ráðherra yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna. Ríkislögreglustjóri skipar aðra lögreglumenn.

Fulltrúi ríkislögreglustjóra á sæti í valnefnd Lögregluskóla ríkisins. Valnefnd hefur það hlutverk að velja nema í Lögregluskólann. Ríkislögreglustjóri ákveður fjölda nema sem hefja nám ár hvert á grundvelli áætlunar um endurnýjun í lögreglu ríkisins.

Ríkislögreglustjóri auglýsir allar stöður lögreglumanna samkvæmt beiðnum lögreglustjóranna. Umsóknnum er skilað til viðkomandi lögreglustjóra, sem fer yfir þær og gerir síðan tillögu til ríkislögreglustjóra um hvern skuli skipa, setja eða ráða í viðkomandi stöðu. Lögreglumenn með próf frá Lögregluskóla ríkisins eru skipaðir eða settir í stöður. Í þeim tilvikum þegar afleysingamenn án prófs frá Lögregluskólanum sækja um, og enginn er tiltækur í viðkomandi stöðu með próf frá Lögregluskólanum, er jafnan gerður ráðningasamningur, enda hafi viðkomandi staðist inntökupróf.

Ríkislögreglustjóri leysir lögreglumenn frá störfum, óski þeir eftir að láta af störfum í lögreglu eða þegar þeir hafa náð eftirlaunaaldri. Komi til þess að víkja þurfi lögreglumanni frá störfum tímabundið eða fyrir fullt og allt, tekur ríkislögreglustjóri ákvörðun um það, nema ef um er að ræða yfirlögregluþjón eða aðstoðaryfirlögregluþjón, þá er það ráðherra. Í tengslum við starfsmannamálin eru gefin út lögregluskilríki til handhafa lögregluvalds í samræmi við reglugerð um lögregluskilríki.

STARFSMANNASTEFNA LÖGREGLUNNAR

Embætti ríkislögreglustjóra hefur gefið út starfsmannastefnu fyrir lögregluna í landinu. Þar er tekið mið af starfsmannastefnu stjórnarráðsins og skýrslu nefndar sem ríkislögreglustjóri skipaði árið 1998 til þess að setja fram stefnumörkun og markmiðssetningu fyrir lögregluna. Auk þess var stuðst við starfsmannastefnu nokkurra ríkisstofnana og fyrirtækja.



Tilgangurinn með því að setja fram starfsmannastefnu fyrir lögregluna er sá að gera lögreglunni kleift að gegna betur því hlutverki sem henni er ætlað í samfélaginu og lög og stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Einnig er henni ætlað að stuðla að betri líðan starfsmanna lögreglunnar, og auka gæði þjónustu og öryggi sem lögreglunni er ætlað að veita borgurunum. Starfsmannastefnan fjallar á fræðandi og uppbyggilegan hátt um hina ýmsu þætti starfsmannamála.

TÆKJA- OG BÚNAÐARMÁL

Embættið hefur umsjón með kaupum á ökutækjum, búnaði og fatnaði lögreglu og heldur úti reglulegu eftirliti með lögreglustöðvum, tækjum þeirra og búnaði.

Kaup á lögreglubifreiðum fara fram í tengslum við kaup annarra ríkisstofnana á grundvelli útboðs. Sá ferill lýtur lögum og reglugerð um opinber innkaup. Ríkiskaup annast forval tegunda í hverjum útboðsflokki. Ríkislögreglustjóri leggur fram áætlun um endurnýjun ökutækja fyrir bílanefnd ríkisins þar sem bæði er greint frá gerðum ökutækja sem óskað er eftir að kaupa og sundurliðað hvaða ökutæki skuli endurnýja.



Frá árinu 2000 hefur embættið starfrækt bílamiðstöð sem annast rekstur allra lögreglubifreiða á landinu. Lögregluembættin greiða tiltekna upphæð á hvern ekinna kílómetra sem samanstendur annars vegar af gjaldi sem ætlað er að standa undir rekstrarkostnaði og hins vegar föstu gjaldi sem nema á 90% af endurstofnverði ökutækis á fimm árum.

Embættið annast af hálfu lögreglunnar útboð vegna einkennisfatnaðar sem fer fram hjá Ríkiskaupum. Fyrir liggur sú stefna ríkislögreglustjóra að lögreglumenn starfi sem mest einkennisbúnaðir og að frávík frá þeirri stefnu skuli túlka þröngt.

Á undanförunum árum hefur hinn fjölbreytti tækjabúnaður lögreglu verið mikið endurnýjaður, svo sem hraðamælingabúnaður, hlífðarbúnaður, fjarskiptabúnaður o.fl.

TÆKNIRANNSÓKNIR

Ríkislögreglustjóri starfrækir tæknistofu sem hefur eftirlit með framkvæmd tæknirannsókna lögreglu á landsvísi, þar með talið starfrækslu miðlægra gagnagrunna lögreglu á sviði tæknirannsókna. Tæknistofan annast erlent samstarf og samskipti vegna tæknirannsókna, heldur skrá um horfið fólk, hefur umsjón með störfum ID-nefndar og útgáfu leiðbeininga og verklagsreglna um tæknirannsóknir sem ríkislögreglustjóri setur. Komið hefur verið upp sérstakri brotamannaskrá með aðgengilegum upplýsingum um sakamenn og nýtist m.a. til að lýsa eftir sakamönnum. Þá vinnur stofan að samræmingar- og fræðslustarfi varðandi tæknirannsóknir lögreglu.

Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík er starfrækt tæknideild sem sinnir vettvangsrannsóknum, samanburðarrannsóknum og öðrum slíkum rannsóknum, og varðveitir fingrafara- og ljósmyndasafn lögreglu og heldur því við. Tæknideildin skal þjóna öllum lögregluumdæmum landsins. Ríkislögreglustjóri setur reglur um starfrækslu tæknideildarinnar.

Þá hefur verið komið upp svonefndum Eurodac-gagna-grunni sem er miðlægt gagnasafn allra aðildarríkja Evrópusambandsins, auk Íslands og Noregs, til að bera saman fingrafaraupplýsingar um hælisleitendur.

Á seinni árum hafa störf lögreglu beinst í ríkari mæli að söfnun lífsýna á brotavettvangi, t.d. blóðs, sæðis og munnvatns, sem eru send til greiningar á DNA-erfðæfninu á rannsóknarstofu. Niðurstaðan fer svo í sérstakan DNA-banka hjá tæknistofu ríkislögreglustjóra, sem fyrirhugað er að koma upp. Mörg sakamál hafa verið upplýst hér á landi með DNA-rannsóknum. Með tilkomu tölvutækninnar hafa ennfremur orðið miklar framfarir í tæknirannsóknum, m.a. í rannsókn fingrafara.



Teikning: Halldór Baldursson

Hér á landi varð mikil framþróun á árinu 2001 þegar forrit sem heldur utan um fingraför var tekið í notkun fyrir íslensku lögregluna. Forritið geymir fingrafaraskrá lögreglu. Möguleikar forritsins til samanburðar eru margvíslegir. Að auki býður forritið upp á lófakerfi (fór af lófa handar).

Ríkislögreglustjóri hefur gefið út handbækur um tæknirannsóknir fyrir starfsmenn lögreglu. Þar má nefna:

Leiðarvísir til notkunar við rannsóknir á eldsupptökum. Handbókin var samin af norrænum vinnuhópi, skipuðum fulltrúum frá Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Hvert þessara landa gefur handbókina út sérstaklega með það fyrir augum að laga hana að aðstæðum í viðkomandi landi. Aðalatriði handbókarinnar eru þó samhljóða fyrir öll löndin.

Bók um tæknilegar rannsóknir á vettvangi afbrota sem er þýdd og staðfærð. Markmið handbókarinnar er að veita upplýsingar um störf á vettvangi afbrota og bruna. Stór hluti þess sem þar er fjallað um er þó viðfangsefni sem einungis starfsmenn tæknideilda lögreglu eiga að vinna. Tæknilegar rannsóknir krefjast þess að allir þeir sem hlut eiga að máli geri rétta hluti á réttum tíma.



TÖLVUDEILD

Meginverkefni tölvudeildar er að sjá um rekstur netkerfis ríkislögreglustjóra og aðstoða notendur þess. Ennfremur hefur deildin með höndum stefnumörkun um landskerfi lögreglunnar og allar aðgangsstýringar í tengslum við það, og daglega umsjón með landskerfum lögreglu og þjónustu við notendur þeirra. Undir þetta falla ákvarðanir um hugbúnaðargerð og viðhald á hugbúnaði lögregluckerfanna.

Deildin hefur jafnframt umsjón með rekstri og hönnun heimasíðu lögreglunnar og innri vefs embættisins.

Allir netþjónar landskerfisins eru hýstir hjá tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins sem rekin er samkvæmt samningi við Umferðarstofu. Starfsmenn tölvumiðstöðvarinnar sjá um daglegan rekstur víðnetsins sem nær til allra lögregluembættanna.

UMFERÐARDEILD

Helsta hlutverk umferðardeildar ríkislögreglustjóra er stefnumörkun og samræming lögreglu varðandi framkvæmd umferðarlöggæslu, auk þess að sinna umferðareftirliti á þjóðvegum landsins. Stefnumörkun og samræming umferðareftirlits á landsvísu er sett fram í umburðarbréfum ríkislögreglustjóra, auk þess sem starfsmenn deildarinnar hafa komið að undirbúningi reglugerða og annarra fyrirmæla dómsmálaráðuneytisins er varða umferðarmál og umferðaröryggismál.

Lýtur þetta að samræmingu á framkvæmd umferðarlöggæslu, samvinnu lögregluliðanna, áherslum, svo sem vegna tiltekinna brota, og sérstökum átaksverkefnum. Þannig veitir deildin t.d. lögreglustjórunum aðstoð við umferðareftirlit í tengslum við stærri lögregluverkefni eða skipulagt samstarf lögregluliða úr fleiri en einu umdæmi.

Deildin hefur ómerktar bifreiðar búnar hraðamyndavélum og ratsjám, merktar lögreglubifreiðar sem búnar eru ratsjá með myndbandsupptöku og merkta lögreglubifreið með öndunarmæli til að afla sönnunargagna í ölvunarakstursmálum. Ennfremur starfar umferðardeildin með Vegagerðinni við þjóðvegaeftirlit um allt land og leggur Vegagerðin verulegt fjármagn til þessa verkefnis, en sameiginlega gera þessi embætti út sérmerktar bifreiðar.



UPPLÝSINGAMÁL – FÍKNIEFNASTOFA

Lögreglan hefur á undanförunum árum aukið aðgerðir gegn afbrotum, svo sem með kerfisbundinni söfnun, úrvinnslu og miðlun upplýsinga, og með fjölþættu forvarnastarfi.

Frá stofnun embættisins hefur innan þess verið rekin svonefnd fíkniefnastofa sem unnið hefur að því að samræma og efla störf lögreglu í fíkniefnamálum en einhver mikilvægasti þátturinn í þessu sambandi eru samræmdar og markvissar aðgerðir lögreglu. Í þeim efnum hefur fíkniefnastofa unnið að ýmsum þáttum sem hafa að markmiði að styrkja lögregluembættin. Má nefna undirbúning að útgáfu á reglum og leiðbeiningum, úrbætur á tækjabúnaði, samstarfs-samning lögreglu og tollgæslu, aukið samstarf lögregluliðanna, uppbyggingu nets fíkniefnaleitarhunda um landið, árlega samantekt um fíkniefnamál, aðstoð og fleira.

Hér má einnig nefna samræmda skrá um fíkniefni sem hald hefur verið lagt á og er í landskerfi lögreglunnar. Þá gefur kerfið upplýsingar sem hægt er að nýta til markvissari löggæslu.

Almennur upplýsingasími **800 5005** er samvinnuverkefni lögreglu og tollyfirvalda og er liður í baráttunni við fíkniefnavandann. Með því að hringja í þetta númer getur almenningur veitt upplýsingar um afbrot undir nafnleynd. Starfsmenn fíkniefnastofu skrá upplýsingar sem berast og koma þeim áleiðis til lögregluembættanna og tollgæslunnar eins og þurfa þykir.



ÖRYGGISMÁL – ALMENNT

Samkvæmt almennum hegningarlögum nýtur æðsta stjórn ríkisins sérstakrar verndar og aðför að þeim sem veljast til æðstu starfa hjá þjóðinni er í raun aðför að stjórnskipan ríkisins. Frá stofnun embættisins hefur því verið hugað sérstaklega að öryggismálum æðstu stjórnar ríkisins. Hefur þá verið haft að leiðarljósi það hlutverk lögreglunnar að gæta almannaöryggis og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins.

Er litið svo á að embætti ríkislögreglustjóra beri að sýna frumkvæði og sinna forvörnum á sviði öryggismála. Er því gerð úttekt á öryggi vegna æðstu stjórnar ríkisins og fulltrúum annarra stofnana veitt leiðsögn á því sviði.

Ríkislögreglustjóri annast undirbúning og skipulagningu vegna heimsóknna erlendra fyrimenna og fer með yfirstjórn aðgerða lögreglunnar, og leggur fyrir samræmt skipulag.

ÖRYGGISMÁL – INNRI MÁLEFNI

Vegna hryðjuverkanna í Bandaríkjunum, 11. september 2001, var gerð breyting á skipuriti embættisins, þar sem saksóknara embættisins, sem er sviðsstjóri sviðs 5, var falið það verkefni að fara daglega með innri öryggismál. Í þessu felst m.a. eftirgrennslan og áhættugreining. Varðar þetta bæði öryggi ríkisins og almennings.

www.rls.is
www.logreglan.is